



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 8. mars 2023.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir gegn kynferðisbrotum og aukinn stuðning við þolendur þeirra, þskj. 39, 39. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) styður framangreinda tillögu til þingsályktunar heils hugar og telur þær tillögur sem þar eru bornar fram allar afar mikilvægar og til þess fallnar að bæta stöðu brotþola kynferðisbrota. Langur málsmeðferðartími í kynferðisbrotamálum hefur verið viðvarandi um langa hríð, þó ákveðinna breytinga til hins betra sé farið að gæta. Málsmeðferðartíminn er þó enn óeðlilega langur miðað við hvað bæði brotþolar og sakborningar hafa mikla hagsmuni af styttri málsmeðferð. Í einhverjum tilvikum hefur það leitt til skilorðsbundinna dóma og jafnvel ýtt undir niðurfellingu mála í réttarkerfinu.

Hvað varðar rannsóknarskýrslu um kynferðisbrotamál í réttarkerfinu þá telur MRSÍ það góða hugmynd en bendir á gagnlegt yfirlit Ragnheiðar Bragadóttur prófessors í bók hennar „Nauðgun og önnur brot gegn kynfrelsi fólks“ frá 2018, en þar er að finna yfirgripsmikla rannsókn á kynferðisbrotum, þar á meðal um málsbætur, þyngingarástæður, refsilækkunar- og refsihækkunarástæður. Jafnframt bendir MRSÍ á greinargerð Dr. Hildar Fjólu Antonsdóttur réttarfélagsfræðings „Réttlát málsmeðferð með tilliti til þolenda kynferðisbrota“, um leiðir til að styrkja réttarstöðu brotþola, sem unnin var 2019 fyrir stýrihóp forsætisráðherra um heildstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi.

Virðingarfyllt,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri